



Gefjunarstífla í Glerá

Úrdráttur úr skýrslu um sögu vatnsaflsnýtingar, orkumála og iðnaðar á Akureyri frá 2010

Gefjunarstífla í Glerá:

Saga vatnsaflsnýtingar, orkumála og iðnaðar á Akureyri

Stofnun Tóvéla Eyjafjarðar

Aðdragandinn að stofnun Tóvinnuvéla Eyjafjarðar má rekja til ársins 1893 allmargir bændur í Eyjafirði fram og nokkrir Akureyringar höfðu haft með sér félagsskap er þeir nefndu “Fundarfélag Eyjafjarðar” og höfðu til meðferðar á fundum sínum ýmis heillamál sveitar og sýslu. Fyrstu tildrög að stofnun tóvinnu með vélum voru vakinn á einum af þessum fundum fundarfélagsins. Frummælandi var Friðbjörn Steinsson bóksali á Akureyri. Til að sýna upphaf málsins er hér tekið upp úr gjörðarbók fundarfélagsins 5. lið fundargerðarinnar síðasta vetrardag 1893. Tóvinnuvélar: Friðbjörn Steinsson var málshenjandi og taldi nauðsynlegt að menn færu að fá sér vélar, einkum hinar smærri, svo sem prjónavélar og kembingarvélar. Magnús Sigurðsson á Grund áleit að fé mundi vanta til að kaupa vélar fyrir, en taldi tiltækilegast að framfarafélögin legðust á eitt og legðu saman til að kaupa eina vél, t.d. spunavél til reynslu. Sr. Jónas Jónasson á Hrafnagili áleit nauðsynlegt að fá fyrst kembivélar, því það væri undirstaða og hlyti að ganga á undan, því mest væri um vert að undirbúa ullina, og sýndi fram á, að mjög mikið væri unnið með því að ullin væri kembd í maskínukömbum. Magnús á Grund stakk upp á því, ef fundurinn vildi sinna þessu máli, að ungur maður væri sendur norður að Halldórsstöðum til Magnúsar Þórarinssonar til að læra að stýra vélunum. Eggert Laxdal áleit, eftir því sem reynslan sýndi, að því er snerti efnahag Magnúsar á Halldórsstöðum, að það borgaði sig ekki að hafa tóvélar hér, en var þó á móti því að menn hættu við svo búið, heldur héldu áfram og reyndu að sjá við því, sem ábótavant væri. Því þótt honum ráðlegast (því þetta hlyti að borga sig, ef rétt væri á haldið) að sýslunefnd Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu tækju höndum saman til þess að kom áleiðis, bæði með fjárframlögum og á þann hátt að fá Magnús á Halldórsstöðum til þess að flytja sig inneftir, en þótti óþarfi að senda nokkurn mann norður til þess að læra hjá honum. Þótti fundinum málið svo umfangsmikið, að nefnd var kosin til að leita upplýsinga og undirbúa það. Kosnir voru: Friðbjörn Steinsson, Eggert Laxdal og séra Jónas Jónasson. Fyrir tilstuðlan þessa fundarfélags er sama ár mál þetta borið upp á fundi sýslunefndar Eyjafjarðar og fylgja því tilboð tveggja manna á Akureyri um að koma á fót tóvinnuvélum á Oddeyri og starfrækja þær. Menn þessir voru Snorri timburmeistari Jónsson (d 1918) og Sigtryggur timburmeistari Jónsson á Espihóli. Mættu báðir þessir menn á sýslufundi og eftir langar umræður náðist samkomulag aðeins við Sigtrygg. Ákvað þá sýslunefnd að taka lán úr landssjóði, upp á væntanlegt samþykki amtsráðs, að upphæð 15.000 kr. með 28 ára afborgunarkjörum og 6 % vöxtum, og var kosin nefnd til þess að gera fullnaðarsamning við Sigtrygg, því að ráðgert var, og honum gert skyldu, að fara utan þennan vetur til þess að kynnst þessari iðngrein. Lán þetta skyldi veitt með veði í stofnuninni og fasteignum lánþegans. Horfðist nú vænlega fyrir þessu máli. En þegar til kastanna kom, sá Sigtryggur sér ekki fært að halda lengra, vegna knýjandi ástæðna, og sagði sig frá lánsheimildinni.¹

Á sýslufundi 1895 ákvað sýslunefnd að leita Samkomulags við S-Þingeyinga um stofnun tóvéla við Eyjafjörð, því máli lauk svo að samkomulag náðist ekki.

Ákvörðun um stofnun Tóvélar Eyjafjarðar var tekin á sýslufundi í febrúar 1896, Var ákveðið að leita stuðning Akureyrarkaupstaðar til að koma á stofn tóvélum, samþykkt var að sýslunefnd og bæjarstjórn tækju 12 þúsund krónu lán úrviðlagasjóði, en úr

framkvæmdum varð ekki fyrr en ári síðar og tók verksmiðjan þá til starfa. Vatnsréttinn í Glerá fékk stofnunin endurgjaldslaust frá Akureyrarbæ, og Jón Jónsson óðalsbóndi í Bændagerði lét hann að sínum hluta fyrir landi Bændagerðis svo að tóvélarnar áttu vatnsréttinn óskertan til hvers konar orkunotkunar um ótakmarkaðan tíma. Tóvélástjóri var ráðinn Aðalsteinn Halldórsson búfræðingur frá Litla-Hamri.

Til mála kom einnig að stífla Glerá á fossbrúninni og byggja hús upp við gljúfurminnið. Frá því var horfið vegna örðuleika á því að flytja að efni yfir vegleysur og vegna óhentugrar aðstöðu fyrir húsbyggingu, enda mjög úr leið fyrir þá, er þurfa að sækja til tóvélanna. En að leiða vatnið alla leið ofan á Oddeyri var bæði dýrt og ótryggt. Varð því að ráði með nefndinni og Aðalsteini að byggja vélarhúsið á Gleráreyrum vestan við þar sem Glerártorg er í dag.²



Mynd nr. 1 frá því um 1945 húsið með risþakinu í því var vatnstúrbínan

Þó Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarbær kæmu þessu fyrirtæki á laggirnar var það aldrei hugmynd þeirra að eiga hana og reka. Heldur var ráðgert að stofnað yrði fyrirtæki sem tæki að sér reksturinn. Voru því tóvélarnar boðnar til kaups strax árið 1898 fyrir 17.000.kr. Á aukafundi sýslunefndar í júnímánuði 1902 þar sem mættir voru fulltrúar úr bæjarstjórn var sala á Tóvélum Eyjafjarðar eins og félagið hét þá samþykkt og nefndist nú Tóverksmiðjan á Akureyri og hlutafélagið nefndist Verksmiðjufélagið á Akureyri Limit. Hluthafarnir voru alls 10, Friðrik Kristjánsson, Akureyri (formaður), Magnús Sigurðsson, Grund (gjaldkeri), Þorvaldur Davíðsson, Akureyri (ritari), Aðalsteinn Halldórsson, Akureyri, Guðmundur Guðmundsson, Þúfnavöllum, Jón Guðmundsson Krossastöðum, Jón Jónsson, Munkaþverá, Magnús Jónsson, Akureyri, Sigurður Jónsson, Bakka og Stefán Stefánsson skólameistari, Möðruvöllum. Strax á fyrsta ári félagsins var samþykkt að stækka tóverksmiðjuna og var þegar um haustið bætt við þremur vélum. Einnig var farið að tala um að stofna fullkomna klæðaverksmiðju.

Fyrsta ullarsendingin var innrituð í verksmiðjuna. 27. nóvember 1897 eigandi ullarinnar var Guðni Þorgrímsson á Oddeyri. Verksmiðjuhúsið reyndist fljótt of lítið

til ullargeymslu og íbúða fyrir vélstjórnann og verkafólkið, því það var talið sjálfsagt að allt fólkið byggi í húsinu. Þá var alllangt að ganga ofan á Oddeyri og oft erfitt að vetrarlagi. Starfsmenn voru fjórir fyrsta árið.³


Í upphafi verksmiðjurekstrarins bar á ótrú á fyrirtækinu sem var talið einskis nít í jafn smáum stíl og ekki myndi berast að nægilegt verkefni og vatnsvirkjunin mundi ónýtast í frostum á vetrum. Verksmiðjan þurfti tíma til að vinna traust sinna viðskiptavina. Sagt er að eitt sinn hafi komið gamall maður af Eyrinni með sinn stóra ullarpoka og fékk að launum lítið lopabúnt. Sagt er að þegar gamli maðurinn sem lét þessa ull til vinnslu kom að sækja hana, hafi hann heyrst tauta

”Ég held að þið hafið nú ekki gert þetta mjög vel núna, held ég.

Svo held ég að þið séuð dálítið lengi að þessu held ég.

Já, og svo held ég að þið stelið af því líka, held ég.”⁴

Það var svo um vorið 1907 að byrjað var að undirbúa byggingu klæðaverksmiðju, Hin nýja verksmiðja, Klæðaverksmiðjan Gefjun, tók til starfa að hluta í nóv.1907 og að fullu um veturinn. Þessi tvö verksmiðjuhús það fyrra byggt 1897 og verksmiðjuhöllin eins og húsið var kallað sem byggt var 1907 notuðu vatnsorku frá hverfuhjóli (túrbínuhjól) til að knýja öxla sem lágu langsum eftir húsunum og frá þeim reimar að hverri vél.



Mynd nr. 2 úr spuna og vefsal frá 1923 Úr minnigatríti verksmiðjufélagsins 1923

Þann 30. janúar 1933 brann eldrahúsið til kaldra kola sem þá hýsti skrifstofu og geymsluhúsnæði verksmiðjunnar Það olli verksmiðjunni miklu fjárhagslegu tjóni, t.d. brunnu allar fagbækur og skýrslur. Til þess að reyna að vinna upp aftur þann dúkalager sem brann, var sett á laggirnar næturvakt, og var þá unnið dag og nótt í verksmiðjunni, einnig fór eftirspurn vaxandi eftir vörum verksmiðjunnar.⁵

1930 kaupir Samband íslenskra samvinnufélaga S.Í.S. Klæðaverksmiðjuna Gefjun og breytti þá nafninu í Ullarverksmiðjan Gefjun segja má að það hafi verið upphafið að þeirri uppbyggingu sem síðar varð á svæðinu..

Á árunum 1947-1950 voru byggðar tvær byggingar Ullarþvottastöð og nýtt verksmiðjuhúss, stærsti verksmiðjusalur landsins á þeim tíma keyptar voru til

verksmiðjunnar fjölmargar nýjar og fullkomnar vélar til viðbótar og endurnýjunar þeim vélakosti sem fyrir var. Allar vélarnar voru með rafmagnsmótora og dró þá verulega úr notkun vatnsorkunnar.

Nýi verksmiðjusalurinn var byggður fast upp að þeim byggingum sem fyrir voru og lenti því vatnsstokkurinn undir gólfi nýbyggingarinnar og kom í ljós þegar byggingarnar voru rifnar niður til að ríma fyrir verslunarmiðstöðinni Glerártorgi.



Mynd nr. 3 Úr minnigatriti verksmiðjufélagsins 1923

Hús Verksmiðjufélagsins dökka húsið er íbúðarhús aftan við það til vinstri er eldra verksmiðju húsið byggt 1897 til hægri verksmiðjuhúsið byggt 1907 milli og aftan við þau má sjá í yfirbyggða vatnsprónna og frárennslisstokkinn

Ullarþvottastöð notaði vatn frá Gleránni til þvotta grafinn var stór brunnur milli ullarþvottastöðvarinnar og árinnar og vatnið síað áður en það fór inn í verksmiðjuna. Þvottavél 56 metra löng með 4 stórum þvottakörum þurfti mikið vatn. Affallsvatnið frá aðveitustokknum rann einnig í brunninn⁶ smá saman fór að draga úr notkun vatnsins sem afgangur rann þá allt vatnið úr stokknum í bruninn þar til að gæði þess þótti ekki nógu góð fyrir ullarþvottinn og var þá lokað fyrir vatnsinntakið og notkun vatnsstokksins hætt.

Stokkurinn

Í elstu lýsingunni að vatnsleiðslunni til Tóvélanna er talað um skurð þar segir “Vatnsleiðslan er um 300 faðma (564 m.) og frá vélunum viðlíka langt.” Skurður til vélanna er víða 3-5 álnir (1,9-3,1 m) djúpur víða barinn og sprengdur með dýnamít gegnum klappir; á hér um bil 35 föðmum (6.5 m) er hlaðinn 5-6 álna (3,1-3,8 m) hár garður undir vatnið. Vatnið er tekið úr Glerá þar sem hún fellur fram úr gljúfrum eru þar klappir á báðar hliðar svo áinn breytir þar ekki farvegi sínum. Vatnið hefur 16 feta (5 m) fall á Túrbínuna sem hreyfir vélarnar.⁷ Blaðið Stefni ræðir um skurðinn og segir. Nú er búið að leggja teyninginn við Glerá og mun reynslan sýna í vetur hvernig hún verður í taumi, spá því sumir að hún muni verða stöð þegar systurnar Gaddharka

og Fönn fara að tvímenna á ótemjunni.⁸ Síðar sama ár segir blaðið. Nokkrar misfellur urðu á vatnsleiðslunni fyrst í haust fyrir bilun í vatnsskurðinum, en við þetta var hægt að gjöra svo nú er yfirfljótanlegt vatn. Ekki verður annað séð en að með nokkurri endurbót á vatnsleiðsluskurðinum megi gjöra vatnsleiðsluna úr Glerá tryggilega.⁹



Mynd 4 Mallgrímur Einarsson/Minjasafnið á Akureyri þetta mun vera elsta mynd af stíflunni tekin um aldamótin 1900

Í álitsskjali frá 22. september 1909 er Th. (Þorvaldur) Krabbe verkfræðingur samdi segir “Vatnið til hverfihjólsins er fyrst leitt í gegnum grafinn skurð og síðan í tréhólk sem er hér um bil 83 metrar langur og 1 metir í þvermál. Þessi hólkur er settur saman úr 2” þykkum plönkum með gjörðum úr sænsku jární með 18 “ (45 cm.) millibili sjá mynd nr.5 Tréð er karboinerað og hefur hólkurinn reynst vel þéttur. Til hliðar er hólkurinn hulinn mold og sandi. Fallhæð vatnsins er talin 25 fet (7.6 metrar) og sagt er að vatnsfallið samsvari 70 hesta afli, en innveitan í skurðinn og skurðurinn sjálfur er mjög ófullkominn, enda baka ísar á vetrum óþægindi, þó má sennilega ráða bót á þessu að minnsta kosti að einhverju leyti. Hverfihjólið (Turbinen) er spælhjól með hreyfanlegum vængum eða spöðum og hefir 50 hestöfl. Í sambandi við það er gangstillir (Regulator) sjá mynd nr.6 en vegna þess að hann ekki framleiðir nægilegan jafnan hraða verður líklega að setja sveifluhjól á sjálft hverfihjólsöxulinn. Hverfihjólið hefur nóg afl til að knýja allar vélarnar áfram auk rafljósastöðvar, er nægja mun verksmiðjunni.”¹⁰



Mynd nr. 5 vatnstokkurinn sem lá frá hverfihjólinu Mynd nr. 6 Vatnstúrbínan og kasthjólíð.

Athugasemdir Andr. J. Bertelsen um vatnsleiðsluna dagsett 1. mars 1912 segir. “Til þess að geta fengið svo jaft hreyfingarafli sem kostur er á álít ég það nauðsynlegt á næstkomandi árum að leggja lokaða trérennu eða járnþípu frá innleiðslu vatnsins alla leið til hverfihjólsins og um leið að endurbæta sjálfa innleiðsluna svo að ekki þurfi að óttast snjó eða ís í rennunni.”¹¹

Þegar eignir verksmiðjufélagsins eru metnar til fjár árið 1912 er sagt að vatnsleiðslan úr steinsteypu og timbri um 500 metra löng sem mun vera vegalengdin frá stíflu og að hverfihjólinu. Síðar kemur yfirlit yfir ýmsar viðgerðir og endurbætur sem gjörðar hafa verið frá því í október 1910 til 31. desember 1911, til þess að koma klæðaverksmiðjunni “Gefjun” í fullkomlega nothæft ástand.

1. Vatnsleiðslan orsakar til þess að kostnaður við byggingu á vatnsleiðsluskurðinum vatnsleiðslu úr ánni í hann, stíflu yfir ána, og temprunarþró (reguleirngskum) með trérennu, og steinlímdu garði í nánd við verksmiðjuna, varð talsvert meiri, en herra verkfræðingur Schöepfke hafði gjört ráð fyrir. voru þessar.

a. Vatnsrás, stíflu, vatnsinnleiðslu o.s.frv. varð eigi hægt að fullgera 1910, vegna þess að of seint á sumrinu var byrjað á verkinu, og sem hafði þær afleiðingar, að vatnsrásin og innleiðslan skemmdust af frosti og vatni, og höfðu endurbæturnar 1911 af þeim ástæðum miklu meiri kostnað í för með sér.

b. Auk þess, sem gjört var ráð fyrir í áætlun herra Schöepfkes var byggt:

Tréskúr yfir temprunarþróna, trérenna úr 2,1/2” þykkum plönkum 32 mtr. löng, til til þess að leiða vatn það sem afgangs verður við notkun þess við vélarnar, frá temprunarþrónni út í ána; einnig var byggður steinlímdu múr (garður) langsetin með ánni rétt ofan við þróna. Þessi útbúnaður kemur algerlega í veg fyrir, að vatnið úr ánni og temprunarþrónni renni alt í kringum verksmiðjuhúsið, sem á hverjum vetri hefir átt sér stað, ver hverfustokkinn skemmdum, og dregur úr vatnsviðhaldskostnaði að miklum mun.

c. Þegar verksmiðjan hafi starfað fram á vorið 1911 kom það í ljós, að strokkurinn, sem leiðir vatnið frá temprunarþrónni til hverfunar (turbinen), var lekur hér og hvar alla leið, og varð þess vegna grafa hann upp og steypa að honum steinlím á mörgum stöðum.

d. Til þess að fá nægilegt vatn til starfsins 1911 var byggð bráðabirgðastífla með sandpokum og úr timbri, sem framhald af steypustíflunni.

e. Þessar auka-endurbætur við vatnsleiðsluna, sem innfaldar eru í árlega bókfærðum kostnaði, nema hér um bil kr. 2.500,00

Endurbætur sem eftir er að fullgera. Við stífluna yfir ána er eftir að fullgera um 1/3; einnig símentsteinging (pudsning) á allri stíflunni, og loks ýmsar smáendurbætur á rennunni o. fl.¹²

Lítið segir af framkvæmdum við stokkinn eftir þetta þó er vert að geta þess að reglulega þurfti að moka sand upp úr stokknum sem Gleráin bar með sér.

Staðan í dag

Grafnar voru tvær rannsókarholur til að kanna ástand stokksins sjá mynd nr.8 Holan sem var nær stíflunni var heillegri þar var 28 sm. þykkur jarðvegur var ofan á stökklokinu. Stokkurinn var steypdur u laga stokkur 105 sm. djúpur og 125 sm. breiður með 13 sm. þykkum veggjum sem komnir voru að hrúni þar sem engin járnabinding var til staðar sjá mynd nr.7 Seinni holan sem var nær Borgarbrautinni þar voru hliðar stokksins fallnar niður og má leiða líkur að því að það hafi verið vegna vegaf framkvæmdanna á sínum tíma.



Mynd nr. 7 sprunginn stökkveggur

Starfsmaður Vegagerðarinnar mældi þrjá GPS punkta á stíflunni og í botni á holunum sem sýnir að vatnshallinn var sáralítinn stífan var 20.390 botninn á stokknum næst stíflunni var 19.483 og fjær 19.193 staðsetning síðari punktsins er sem næst miðja vegu milli Stíflunar og vatnspróarinnar eða temprunarpróarinnar sem nú er löngu horfinn



Loftmund nr. 8 hæðarpunktur á legu stokksins

Á klapparnefinu þar sem Dalsbrautin og Borgarbraut mætast var á árunum 1945-1957 stafrækt malarharpa sjá mynd nr 9 til að vörubifreiðarnar gætu ekið yfir stokkin voru steiptir hlífðarveggir 38 cm. breiðir mynd nr, 10 og bilið á milli þeirra var 170 cm. trébitar 8x 18 cm. Voru á milli veggja og brúargólfið var einnig úr 8 x 18 cm.



Mynd nr. 9 Malarharpan



Mynd nr. 10 Hlífðarvegur



Mynd n.11 gróður á stíflubruninni



Mynd nr.12 Stífan



Mynd. Nr. 13 og 14 vatnsintakið fyrir og eftir hreinsun gróðurs





Mynd nr.15 Stíflan

Stíflan er byggð að hluta á klettum sem hafa myndað foss eða flúðir í ánni hægra megin á mynd nr. 15 er vatnsrás um 2 metrar á breidd var með tré borðum sem var raðað í þar tilgerðar rásir og var til að veita vatninu að vatnsinntakinu. Vatnsinntakið er í krikanum fyrir miðri myndinni. Vinstra megin er einnig vatnsrás innan við 1 metir að breidd þar var einnig hægt að setja tré borð í ef mjög lítið var í ánni. Tréverkið ofan á stífluveggnum er orðið mjög illa farið og hefur látið á sjá á síðustu tveim til þrem síðustu árum

Eftirlitið með vatnsstokknum

Vitað er um nöfn á tveimur mönnum sem höfðu það verk að fylgjast með vatnsrennslinu til vélanna. Tryggvi Emilsson segir frá því að faðir hans Emil Petersen f. 1866 d. 1936 hafi byggt árið 1921 lítinn torfbæ í Glerárþorpi og nefnt hann Gil hann hafi stundað verkamannavinnu og lengst af á “vélunum” “að vinna á vélunum” var það kallað ef menn höfðu vinnu á verksmiðjunum. Oft gætti hann stíflunnar í Gleránni þar sem áinn var leidd inn í stökk og heim að Gefjun til að drífa vélarnar. Það var kulsöm vinna að standa í árstraumnum við að berja klaka af ristunum þegar frostið var sem mest og oft á nóttum. Gömlum manni var þessi vinna þung raun en fátæktin gefur ekki grið. Á sumrin stóð hann tíðum við að kalfakta timburstokkinn sem vatnið rann eftir heim að vélarhúsunum og þar undi hann vel sínum hag.¹³

Jón Andrésson er bjó í Höfða Glerárhverfi f. 1899 d 1982 hafði þetta starf einnig með höndum þegar skyggni var gott gat hann farið út á hlað og horft suður yfir Gleránnu og séð hvort vatnsrennsli væri á yfirfallinu á vatnsþrónni eða ekki ef rennslið var lítið eða ekkert varð hann að hafa hraðann á og hreinsa frá inntakinu.¹⁴



Mynd nr. 16 Vigfús Sigurgeirsson/Minjasafnið á Akureyri á myndinni má sjá legu stokksins frá stíflu og að verksmiðjuhúsunum einnig vatnsmiðlunarhúsið og affallsstokkinn.

Kýr stöðvar Gefjun.

Lokið á stokknum sem var úr timbri gat verið hættulegt ef fjalirnar voru brotnar eða fúnar en ekki er vitað um alvarleg slys en nokkur óhöpp hafa verið. Árið 1934 stöðvaðist reksturinn á Gefjun vegna óhapps Jón Ingimarsson segir svo frá í Iðjublaðinu. Svo háttaði til að faðir minn Ingimar Jónsson sem þá var starfsmaður á Gefjun, hafði komið sér upp bústofni nokkrum, þar á meðal átti hann kú, sem var rauð að lit, einnig hafði ég eignast kú, sem var grá að lit og voru þær jafnan kallaðar Rauðka og Grána og voru þær afar samrýmdar að okkur fannst. Höfðum við þær í kofa skammt fyrir sunnan gamla vélahúsið, sem kallað var, en þar átti faðir minn og móðir heima. Bithagi fyrir þær var af skornum skammti, og leituðu þær oft upp með Glerá verstan við Ullarverksmiðjuna Gefjun, en á þeirri leið lá vatnstokkur ofan úr Glerárgilinu niður í vatnskofan skammt fyrir vestan verksmiðjuna, sem var nokkurskonar vatnsmiðlari fyrir Gefjun, en þá gekk verksmiðjan fyrir vatnsafli. Yfir þennan stökk voru lagðir timburflekar, sem sumir hverir voru orðnir fúnir og af sér gengnir, og kom fyrir að þeir héldu ekki gangandi fólki.

Nú bar það við einn daginn að móðir mín verður vör við það að gráa kýrin kemur heim að vélarhúsinu og baular í ákafa, og virtist vera í miklu uppnámi. Móðir mín hraðar sér út til að vita hverju þetta sætti. Þegar gráa kýrin sér hana tekur hún sprettinn út veginn, sí baulandi alla leiðina að Klettaborgum, eða þangað, sem hún vissi að rauða kýrin hafði fallið í vatnsskurðinn, sem mun hafa verið um 60 til 80 metra frá áður nefndum vatnskofa. Móðir mín lét strax vita um að eitthvað hefði komið fyrir en þá var ég starfsmaður á Gefjun. Staðreyndirnar létu ekki á sér standa, því Gefjun stöðvaðist næstum af vatnsleysi. Það sem hafði komið fyrir flaug nú eins og fiskisaga og fóru menn upp í vatnskofan, og leyndi sér ekki að þar lá Rauðka á ristinni og hafði rétt hausinn upp úr vatninu. Skipti nú engum togum að skipanir voru

gefnar: Tveir menn fóru á spretti upp í Glerárgil til að setja loku fyrir vatnið, og aðrir voru sendir eftir ullarböllum, og aðrir stigu niður í vatnið, sem náði þeim upp undir hendur til að styðja við kúna og varna því að hún missti fótanna, mig minnir að það hafi verið þeir Jón Sigurðsson litari, Stefán Hansen verkstjóri, Kristján Jónsson frá Brautarholti og Baldvin Árnason. Nú var komið í snarheitum með ballana og þeim rennt undir kviðinn á Rauðku og henni þannig lyft upp úr skurðinum. Var Rauðka þá svo máttfarin að hún gat með engu móti hreyft legg né lið og lá í fyrstu sem dauð væri. Jónas Þór verksmiðjustjóri sem einnig hafði ásamt öðrum lagt á ráðinn um björgun á Rauðku, tók nú að sér hjúkrun henni lét vefja hana þurrum böllum og fleira. Spurði svo viðstadda, sem voru orðnir margir hvort nokkur ætti hálfa flösku af brennivíni, það reyndist vera og var nú hlaupið til og flaskan sótt. Jónas reisti upp höfuðið á Rauðku, stakk flöskustútnum ofan í kok og léti ekki af fyrr en flaskan var tæmd. eftir ofurlitla stund fór Rauðka að rumskast og með hjálp viðstaddra komst hún á fætur og fór svo að staulast hríðskjálfandi áleiðis til vegarins. Þegar upp á veginn kom kemur Grána hlaupandi og fór fram fyrir Rauðku og dansaði þar fram og aftur og lét fögnuð sinn í ljós, með slíkum vinalátum. Og svo, eins og í ævintýrunum. Þær lifðu vel og lengi.¹⁵

Vélalækurinn

Vatnið frá vatnstúrbínuhjólinu eða Vélalækurinn eins og frárennslið nefndist rann fyrst í suður eða suðaustur að brekkurótinni og síða eftir gömlum farvegi eða kvísl úr Glerá í sem næst beint í austur til sjávar síðar var farvegi Vélalækjarins breytt og honum vísað út í Gleránna austan við núverandi Glerárgötu. Í upphafi mun Vélalækurinn að hluta eða öllu leiti hafa runnið til sjáfar við Strandgötuna samanber lýsingu Jóhannesar Jósepssonar (f. 1883) Þá átti ég heima í Gamla Lundi það rann þarna rétt hjá húsinu lítill lækur hann var brúaður á Strandgötunni og myndaðist forarsíki fyrir ofan brúnna þetta svað var svo djúpt að það hefði náð fullornum manni í mitt læri¹⁶ gekk þessi kvísl eða lækur undir nafninu Fúlilækur meðal bæjarbúa. Vélalækurinn og Glerá áttu það til að hrella Oddeyrarbúa eins og eftirfarandi frásögn segir. Það er orð í tíma töluð af einum borgara í Akureyrarbæ, að minnast á skemdir og óþægindi, sem Oddeyrarmenn einnatt verða fyrir af svonefndum Vélalæk og Glerá og benda á óþægindahættuna er stöðugt yfirvofandi einkum á vetrum. Í vöxtum á vorinn og frostuppbólgu á vetrum leitar hún stundum suður á eyrarnar þar sem byggðin er og flatlend tún, og gerir þar tíðum skemdir og óþægindi einkum er uppbólgan á vetrum oft kvumleið. Vatnið hleypur þá í snjóinn seitar í kringum húsin fer yfir vegi, og hleypur stundum undirheystakka og eldiviðarhlaða. Glerá er ekki veitt vatn og ber því einginn ábyrgð á gönguhlaupum hennar. Hvorki Akureyrarbær né einstökum mönnum ber nein lögboðin skylda til að sporna við því að áin fari til skemda meðan enginn veitir henni öðrum til meins. Það virðist því liggja næst, að þeir sem fyrir ágangi verða af Glerá, egðu saman og verðu hús sín og lóðir sjálfir, og því hefur verði haldið fram af ýmsum, að svo ætti að vera. Aðrir halda því fram að bæjarfélagið eigi að verja húseigendur á Oddeyri fyrir skemdum og óþægindum árinna. Nokkuð öðruvísi horfir við með skemdir Vélalæksins. Honum er með dýru mannvirki veitt úr Glerá á landi Akureyrar bæjarfélagsins og honum er svo hleyp til sjáfar suðaustur Oddeyrina. Vélalækurinn er því veitt vatn, sem sá sem veiti hefur ábyrgð á að eigi fari til skemda. Oft er lækurinn einn að læðast kringum hús manna á Oddeyrinni í rökkrum þótt Glerá láti ekki á sér bóla, en stundum slæst hún í för með og er þá nokkuð fasmeiri. Gera þá skötu hjá þá mörgum norðurbæjarmanni geig, líkt og Þorgeirsboli og Skotta gerðu ýmsum á árunum þegar sagt var að þau væru bæði á ferðinni.¹⁷

Laust eftir aldamótin 1900 fékk Aðalsteinn Halldórsson verksmiðjustjóri ásamt föður sínum Halldóri Jóhannssyni heimild til að nota vélalækinn til þess að reka stóra kornmyllu sem gekk fyrir vatni úr afrennslisskurði Gefjunar. Þetta hafa verið stærsta og fullkomnasta kornmylla sem rekinn hefur verið hér.¹⁸ Myllan var rifinn um 1920 og annað hús byggt sem nefnt var Myllan og var rifinn eftir 1960



Mynd nr. 17 húsið með risinu til vinstri á myndinni stendur þar sem Myllan var

Gleráin í blíðu og stríðu

Þó ekki sé ætlunin að rekja sögu Glerár hér eða Rafveitu Akureyrar er ekki hjá því komist að minnst á tvo atburði annað er þátt vatnsöflunar sem snerti verksmiðjureksturinn en hinn er varðar sundkennslu.

Gísli Jónsson rekur í riti sínu um sögu Rafveita Akureyrar þær hugmyndir um hvar og hvernig ætti að nota Glerá til raflýsingar eða rafhitunar fyrir kaupstaðabúa Akureyrar þar segir hann meðal annar að vatnsrennsli í ánni varð minna en mælingagáfu til kynna, en þær höfðu verið að mestu verið gerðar árið 1918 eftir frostaveturinn mikla. Oft varð að stöðva vélarnar á nóttunni til að safna vatni fyrir næsta dag.¹⁹ Til að aukavatnsmagnið var leitað árið 1923 til einanda og umráðamanna þeirra jarða er lágu að Lóninu og fengið leifi til að veita því frá jörðinni Mýrarlóni og suður í Glerá. Þetta gekk eftir og var skurðurinn grafinn á árunum 1924 til 1928 lá hann norðan við húsið Stíflu nú Bakkahlíð 8 og sunnan og ofan við Bandagerði og þaðan í á Gleránna.

Einar Malmquist f 1897 segir svo frá “ Svo einkennilega vildi til að ég lærði snemma að synd þó hér væri enginn sundlaug ég var ekki nema sjö ára. Sundstaðurinn var norður við Glerá. Þar var smákvísl árinna stífluð og var þar þá kominn sundstaður. Vantið var mjög kalt þegar þeim áfanga var náð að geta fleytt sér fórum við að synda ó sjónum sem var mun hlýrri.²⁰

Lokaorð

Ljóst er að ekki er hægt að nota stokkurinn eins og ástand hans er í dag. Hugsanlegt er að steypa hann upp á nýtt sem er mun dýrara en að leggja sver steinrör í þeim tilgangi að láta vatnið fara inn um inntakslökuna og út í ána hjá Borgarbraut þar sem áætlað var í upphafi að opna stokkinn.

Nauðsynlegt er að fara í að skipta um tréverk ofan á stíflunni þar sem það er orðið bæði fúíð og farið að losna á einstaka stað einnig þarf að setja u-laga járnvasa á vegi vatnsrásanna í gegnum stíflugarðinn til að geta sett vatnslökur í til að beina vatninu að vatnsinntakinu. Innan við stífluna er farið að safnast mikið af grjóti og mól sem áinn hefur borið fram og nauðsynlegt er að fjarlægja.

Meðfram árbakkanum vatnsinntaksmegin er steypdur veggur svo áin grafi síður úr árbakkanum sjá mynd nr. 17. Stór hluti veggjarins ofan vatnsinntaks er hulin gróðri

aðallega grasi sem myndað hefur um 25 sm. Jarðveg ofan á vegnum og slútir fram yfir veggbrúnina að beiðni minjavarðar Norðurlandi eystra var ekki hreift við gróðrinum.



Mynd nr. 18 stífluveggurinn ofan vatnsinntaksins gróðri hulin.

X2 hönnun og skipulag hefur gert deiliskipulag að svæðinu fyrir Akureyrarbæ en vegna aðhaldsaðgerða Akureyrarbæjar verður ekki lögð áhersla á þetta svæði sjá fylgiskjal nauðsinlegt er að laga tréverkið sem fyrst þar sem það er farið að láta á sjá Orkurannsóknarsjóði Landsvirkjunar eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn og ljóst er ekkert hefði orðið úr framkvæmdum ef ekki hefði notið velvildar hans.

Skrá yfir myndir

Mynd nr. 1 frá því um 1945 húsið með risþakinu í því var vatnstúrbínan

Mynd nr. 2 úr spuna og vefsal úr minnigatriti verksmiðjufélagsins 1923

Mynd nr. 3 úr minnigatriti verksmiðjufélagsins 1923 Hús Verksmiðjufélagsins dökka húsið er íbúðarhús aftan við það til vinstri er eldra verksmiðju húsið byggt 1897 til hægri verksmiðjuhúsið byggt 1907 milli og aftan við þau má sjá í yfirbyggða vatnsþrónna og frárennslisstokkinn

Mynd 4 Mallgrímur Einarsson/Minjasafnið á Akureyri þetta mun vera elsta mynd af stíflunni tekin um aldamótin 1900

Mynd nr. 5 vatnsstokkurinn sem lá frá hverfihjólinu

Mynd nr. 6 Vatnstúrbínan og kasthjólið úr minnigatriti verksmiðjufélagsins 1923.

Mynd nr. 7 sprunginn stokkveggur

Loftmund nr. 8 hæðarpunktar á legu stokksins

Mynd nr. 9 Malarharpan

Mynd nr. 10 Hlíðarvegur

Mynd. Nr. 13 vatnsintakið fyrir hreinsun gróðurs

Mynd. Nr. 14 vatnsintakið eftir hreinsun gróðurs

Mynd nr.15 Stíflan

Mynd nr. 16 Vigfús Sigurgeirsson/Minjasafnið á Akureyri á myndinni má sjá legu stokksins frá stíflu og að verksmiðjuhúsunum einnig vatnsmiðlunarhúsið og affallsstokkinn.

Mynd nr. 17 húsið með risinu til vinstri á myndinni stendur þar sem Myllan var

Mynd nr. 18 stífluveggurinn ofan vatnsinntaksins gróðri hulin.

Heimildaskrá

¹ Minningarrit verksmiðjufélagsins á Akureyri Ltd. Klæðaverksmiðjan Gefjun 1923

² Minningarrit verksmiðjufélagsins á Akureyri Ltd. Klæðaverksmiðjan Gefjun 1923

³ Minningarrit verksmiðjufélagsins á Akureyri Ltd. Klæðaverksmiðjan Gefjun 1923

⁴ Heimild Gísli Jónsson Menntaskólakennari

⁵ Minningarrit verksmiðjufélagsins á Akureyri Ltd. Klæðaverksmiðjan Gefjun 1923

⁶ Samvinnan 44. árg. 1-2 hefti.

⁷ Austri 7. maí 1898

⁸ Stefnir 21 september 1897

⁹ Stefnir 14. desember 1897

¹⁰ Nefndarálit um lántöku fyrir ullarverksmiðju á akureyri 1909

¹¹ Nefndarálit um lántöku fyrir ullarverksmiðju á akureyri 1909

¹² Virðingargjörð á eignum verksmiðjufélagsins á Akureyri Limit.

¹³ Baráttan um brauðið æviminningar Tryggva Emilssonar Mál og menning 1977

¹⁴ Heimild Herbert sonur Jóns Andréssonar

¹⁵ Félagsblað Iðju félags verksmiðjufólks Akureyri 1972 Grein eftir Jón Ingimarsson

¹⁶ Stefán Jónsson Jóhannes á Borg Minningar glímukappa Ægisútgáfan 1964

¹⁷ Norðri VIII 37 tbl. 1913

¹⁸ Dagur 11. september 1941

¹⁹ Gísli Jónsson Rafveita Akureyrar 1922-1999 þættir úr rafvæðingu á Akureyri

²⁰ Einar Malmquist Einarsson fyrrum útgerðarmaður Aldnir hafa orðið XVIII bls. 59

